

# Lög

**um breytingu á lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað (starfsmenn þingflokkar og aðstoðarmenn formanna stjórnmálaflokkar).**

---

1. gr.

10. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Starfsmenn þingflokkar og aðstoðarmenn formanna stjórnmálaflokkar.*

Heimilt er að ráða starfsmenn fyrir þingflokkar, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hvers árs, til þess að aðstoða þingmenn í störfum þeirra. Um þá gilda lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að undanskildum ákvæðum 7., 21., 44. og 45. gr. Þá gilda ákvæði 5. gr. laga nr. 139/2003, um tímabundna ráðningu starfsmanna, ekki um starfsmenn þingflokkar.

Formaður þingflokkks stýrir daglegum störfum starfsmanna þingflokkks og skiptir með þeim verkum. Þingflokkar skulu gera skriflega starfslýsingu fyrir starfsmenn sína.

Skrifstofustjóri Alþingis ræður starfsmenn þingflokkar að fenginni tillögu þingflokkks og þegar við á segir skrifstofustjóri þeim upp störfum. Um laun og önnur starfskjör starfsmanna þingflokkar fer samkvæmt kjarasamningi starfsmanna Alþingis og forseta Alþingis, sbr. 3. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrifstofustjóri Alþingis er í fyrirsvari gagnvart starfsmönnum þingflokkar þegar fjallað er um réttindi og skyldur þeirra samkvæmt lögum nr. 70/1996, og starfsskilyrði samkvæmt öðrum lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og kjarasamningi. Skrifstofa Alþingis annast framkvæmd og umsýslu með ráðningarsamningum starfsmanna þingflokkar.

Formönnum stjórnmálaflokkar, sem eiga sæti á Alþingi og eru ekki jafnframt ráðherrar, er heimilt að ráða sér aðstoðarmann í fullt starf. Um kjör aðstoðarmanns formanns stjórnmálaflokkks og starfsaðstöðu fer samkvæmt sömu reglum og gilda fyrir starfsmenn þingflokkar.

Í reglum forsætisnefndar má setja nánari fyrirmæli um ráðningu starfsmanna þingflokkar og aðstoðarmanna formanna stjórnmálaflokkar, aðstöðu þeirra, starfslok o.fl.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögunum orðast svo:

Ráðningarsamningar sem formenn stjórnmálaflokkar, sem eiga sæti á Alþingi og eru ekki jafnframt ráðherrar, hafa gert á grundvelli eldri laga og reglna forsætisnefndar um aðstoðarmenn þingmanna halda sínu við gildistöku laga þessara.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2019.

---

*Samþykkt á Alþingi 14. desember 2018.*